

12. júní 1984

425

Nr. 280

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu  
aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 7. júní 1984 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun og nýtingarhlutföll á spildunni austan Snorrabrautar, norðan Hverfisgötu, vestan Ingólfsstrætis og sunnan Skúlagötu með þeim fyrirvara að gengið verði frá deiliskipulagi þessa svæðis samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga áður en einstakar byggingar verði leyfðar.

Framangreind breyting sem hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. september 1963 og Skipulagsstjórn ríkisins 29. febrúar 1984 með fyrirvara um staðfestingu deiliskipulags af spildunni.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

14. júní 1984

Nr. 281

## REGLUGERÐ

um þátttöku samlagsmanna í ferðakostnaði lækna.

1. gr.

Fyrir hverja vitjun læknis greiði samlagsmaður kr. 30, vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 43. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júní 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*